

**Sp. 770. Tillaga til þingsályktunar [420. mál]**

um útsendingar veðurfregna.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Júlíus Sólnes, Óli P. Guðbjartsson,  
Guðmundur Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að beita sér fyrir því að veðurfregnir verði í framtíðinni sendar út samtímis á öllum útvarpsstöðvum og rásum þeirra.

**G r e i n a r g e r ð .**

Með samþykkt tillögu þeirrar, sem hér er lögð fram, væri stigið stórt skref í þá átt að tryggja enn frekar öryggi sjómanna og þeirra er ferðast mikið um fjöll og firnindi.

Allmargir, sem stunda sjóinn, eru með útvarp stillt á dægurrásirnar og missa því mjög oft af veðurfregnum á Rás 1 þar sem þeim er nú útvarpað. Á þetta ekki síst við um sjómenn á smærri bátum.

Þessi tillaga er því flutt til þess að veðurfregnir fari ekki fram hjá nokkrum manni sem á annað borð er með opið fyrir útvarp.

Það þarf ekki að eyða orðum að því hvað getur gerst — og hefur gerst — ef menn missa af veðurfregnum.